

Sp.

150. Breytingartillaga

við till. til þál. um efniskaup til hafnargerðar í Ólafsfirði.

Frá Gísla Jónssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er hafnarnefnd Ólafsfjarðar kynni að taka á þessu ári vegna kaupa á útlendu efni til hafnargerðar í Ólafsfirði, þó eigi yfir 120 þús. krónur, enda hafi ríkissjóður veð í efninu, þar til hann hefur verið leystur frá ábyrgðinni.